

Alþingi
Erindi nr. P 121/1742
komudagur 28.4.197

Reykjavík, 25.04.1997

Hr. Guðjón Rúnarsson
Alþingi

Skv. beiðni Stefáns Friðrikssonar átti ég að koma bréfi þessu til þín.

Virðingarfyllt,



Gunnar I. Hafsteinsson

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Þórshamri
101 Reykjavík

17. apríl 1997

Til: Sjávarútvegsnefndar

Frá: Útgerðum togbátanna Danska Péturs VE 423, Drangavíkur VE 80, Frás VE 78, Freyju RE 38, Ófeigs VE 325, Þinganes SF 25 og Þórs Péturssonar GK 504.

Ágætu sjávarútvegsnefndarmenn.

Í frumvarpi að lögum, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er gert ráð fyrir að heimildir fiskiskipa til veiða með botnvörpu innan fiskveiðilandhelgi Íslands miðist við stærðir skipa og aflvísa þeirra, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Ekki er óeðlilegt að settar séu skýrar reglur um veiðiheimildir ákveðinna skipaflokka og reynt sé að samræma heimildir skipa til veiða og má að mörgu leyti að fagna þeirri endurskoðun sem fram hefur farið. Þó verður að mótmæla þeim ákvæðum frumvarpsins sem leiða til skerðingar á réttindum takmarkaðs hóps togbáta eins og nánar er vikið að hér á eftir.

Verði sú “samræming togveiðiheimilda”, sem um getur í 5. gr. frumvarpsins, að veruleika munu nokkrir togbátar verða útilokaðir frá veiðisvæðum sem þeir eru aðallega gerðir út á. Þeir munu ekki eiga sömu möguleika á ýsu- og ufsaveiðum og áður. Þar með verður útgerð þeirra mun erfiðari og óhagkvæmari en nauðsyn ber til þar sem þeir munu þurfa að sækja á önnur mið en stærð þeirra miðast fyrst og fremst við stuttar veiðiferðir. Með svo róttækum breytingum og hér er um að ræða er verið að kippa stöðunum undan útgerðum þessara báta án nokkurs annars sýnilegs tilgangs en að “samræma togveiðiheimildir” og auðvelda eftirlit.

Við jafnvíðamiklar breytingar verður að hafa í huga að sjávarútvegsfyrirtæki hafa á hverjum tíma hagað samsetningu og uppbyggingu flota síns annars vegar til að geta stundað veiðar á þeim tegundum sem þau hafa aflaheimildir í og hins vegar í samræmi við gildandi reglur um veiðiaðferðir og veiðisvæði. Mikilvægt er að bæði löggjafar- og framkvæmdavaldið taki fullt tillit til þessa við smíði laga og regna og skerði ekki á neinn hátt þau togveiðaréttindi sem þeir togbátar sem fyrir eru hafa, enda miðast forsendur fyrir rekstri bátanna við þær reglur sem í gildi hafa verið.

Einnig verður að telja þau sjónarmið léttvæg að nauðsynlegt sé að samræma togveiðiheimildir til þess að auðvelda eftirlit. Það hlýtur að vera eðlileg krafa að eftirlitið sé fyrir atvinnulífið en ekki öfugt. Auk þess má ætla að ekki sé meiri vinna við að halda utan um heimildir einstakra skipa en t.d. aflvísa þeirra og lengd.

Í frumvarpinu er reyndar gert ráð fyrir að skip sem notið hafi veiðiheimilda sem skip 26 metrar og styttri skuli til 1. janúar 2003 njóta sömu veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum og skip 29 metrar og styttri með lægri aflvísa en 1.600. Ekki verður séð að

neinar aðstæður breytist á þessum tíma, sem leysi þann vanda, sem þessi bátahópur mun eiga við að glíma, verði togveiðiheimildir þeirra þrengdar eins og lagt er til í frumvarpinu.

Farið er fram á að sjávarútvegsnefnd Alþingis hlutist til um að umræddu frumvarpi verði breytt í meðförum nefndarinnar þannig að þeir fáu togbátar, sem nú hafa heimildir sem skip undir 26 metrum, haldi sínum réttindum þannig að breyttar og samræmdar reglur kollvarpi ekki rekstrarmöguleikum þeirra.

Virðingarfyllst


F.h. Immanúels ehf., útgerðar Danska Péturs VE 423



F.h. Vinnslustöðvarinnar hf., útgerðar Drangavíkur VE 80



F.h. Frás ehf., útgerðar Frás VE 78



F.h. útgerðar Freyju RE 38



F.h. Stíganda ehf., útgerðar Ófeigs VE 325



F.h. Þingness ehf., útgerðar Þingness SF 25



F.h. Njarðar ehf., útgerðar Þórs Péturssonar GK 504



Afrit: Þingmenn Suðurlands